

# Skólanámskrá leikskólansHvammms 2018

Útgefið í Hafnarfirði 2018

6. útgáfa

Ábyrgðarmenn:

Ásta María Björnsdóttir,

Póra Kristjana Einarsdóttir



Vinátta  
Jákvæð samskipti  
Jafnrétti

## Formáli

Skólanámskrá þessi er afurð sameiginlegrar vinnu starfsfólks leikskólans Hvamms. Henni er ætlað að ná inntaki nýrrar aðalnámskrár frá 2011 samtímis því að skýra þann ramma sem nám og kennsla hefur móttast af, í því umhverfi gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga sem við búum við.

Í nýrri aðalnámskrá eru kynntir til sögunnar sex grunnþættir sem mynda kjarna nýrrar menntastefnu. Þessir grunnþættir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms í leikskólanum um leið og markmiðið er að skapa samfellu í íslensku skólakerfi, frá tveggja til tuttugu ára. Grunnþættir menntunar eru læsi, jafnrétti, sköpun, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi.

Við tökum heilshugar undir mikilvægi þess að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Skólanámskráin er leið menntastofnana til að lýsa þeim aðferðum sem beitt er í því augnamiði.

Okkur í leikskólanum er ljóst að engin raunveruleg þróun verður í skólastarfi nema með þátttöku og fyrir tilstuðlan kennara, skólastjórnenda og annarra starfsmanna skólans. Við erum ekki betri en það versta sem við gerum og lengi má lagfæra stefnu, skipulag, námsgögn og skólabyggingar en við breytum ekki bara til að breyta. Við byggjum á þeim grunni sem unnið hefur verið eftir í leikskólanum og vinnum áfram í sama anda og áður. Breytingum í anda nýrrar aðalnámskrár er fylgt eftir í skólunum og unnar í sátt og samvinnu starfsfólks. Án samvinnu skila breytingar litlum árangri.

Innleiðing nýrra hugmynda í skólastarf byggir á samræðum og sameiginlegum skilningi milli starfsfólks og góðri samvinnu menntayfirvalda og okkar í skólum landsins.

Fyrir hönd starfsfólks,  
Ásta María Björnsdóttir, leikskólastjóri

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	4
2. Leikskólinn Hvammur .....	5
2.1 Starfsfólk leikskóla .....	5
2.2 Hlutverk leikskólustjóra .....	5
2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna .....	5
3. Stefna leikskólans Hvamms / hugmyndafræði .....	6
3.1 Leiðarljós leikskólustarfsins .....	7
3.2 Kennsluhættir leikskólans Hvamms / leikurinn .....	7
3.3 Námsumhverfi .....	8
4. Grunnþættir menntunnar .....	9
4.1 Jafnrétti .....	9
4.1.1 Jafnrétti í leikskólustarfinu í Hvammi .....	9
4.2 Læsi .....	10
4.2.1 Læsi í leikskólustarfinu í Hvammi .....	10
4.3 Heilbrigði og velferð .....	11
4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólustarfinu í Hvammi .....	11
4.4 Sjálfbærni .....	11
4.4.1 Sjálfbærni í leikskólustarfinu í Hvammi .....	12
4.5 Sköpun .....	12
4.5.1 Sköpun í leikskólustarfi í Hvammi .....	13
4.6 Lýðræði og mannréttindi .....	13
4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólustarfi í Hvammi .....	13
5. Samþætt og skapandi leikskólustarf .....	15
5.1 Læsi og samskipti í leikskólanum Hvammi .....	15
5.2 Heilbrigði og vellíðan í leikskólanum Hvammi .....	16
5.3 Sjálfbærni og vísindi í leikskólanum Hvammi .....	16
5.4 Sköpun og menning í leikskólanum Hvammi .....	17
6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn .....	19
7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið .....	20
8. Mat og eftirlit .....	21
8.1 Ytra mat á leikskólustarfi .....	21
8.2 Innra mat á leikskólustarfi .....	21
8.2.1 Mat á námi og velferð barna .....	21
9. Heimildaskrá .....	23

Kafli: Inngangur **4**

# 1. Inngangur

Með lögum um leikskóla nr. 78/1994 staðfesti menntamálaráðherra að aðalnámskrá fyrir leikskóla skyldi taka gildi 1. júlí 1999. Endurskoðun aðalnámskrár hefur nú farið fram og ný aðalnámskrá leit dagsins ljós 2011. Þar eru í fyrsta sinn sameiginlegir kaflar fyrir öll skólastig. Í aðalnámskrá leikskóla er kveðið á um að í hverjum skóla skuli koma út skólanámskrá sem endurskoðuð er reglulega. Fram að útgáfu aðalnámskrár leikskóla var í gildi Uppeldisáætlun fyrir leikskóla frá 1993, sem var endurútgáfa Uppeldisáætlunar fyrir dagvistarheimili frá 1985.

Starfsfólk leikskólans Hvamms hóf fyrst vinnu við skólanámskrá veturinn 2000-2001. Í upphafi var ákveðið að allt starfsfólk skólans kæmi að þessari vinnu. Vegna stöðugrar þróunar í skólastarfi eru umræður um þau markmið sem við höfum sett okkur í starfinu afar mikilvægar, auka samheldni og tryggja um leið sameiginlega sýn alls starfsfólks leikskólans.

Skólanámskrá er ætlað að vera leiðarljós í starfi og gefa þeim er les mynd af því starfi sem unnið er í leikskólanum. Það er eðli leikskólastarfs að leikskólinn tekur mið af þeim börnum og því starfsfólki sem er í skólanum hverju sinni. Endurskoðun er því alltaf í gangi. Með endurskoðuninni helst einnig vakandi umræða um leiðir okkar í skólastarfinu og tryggir að nýtt starfsfólk taki þátt í þróun skólastarfsins og eignist hlutdeild í skólanámskránni og starfsaðferðum leikskólans Erasmus sem var uppi (1466-1536) taldi að gott uppeldi æskunnar væri helsta von þjóða.

Framtíðarsýn hans var að mönnum og þjóðum mætti auðnast að eiga friðsamleg samskipti á sem víðtækustum sviðum. Upplýst umræða byggð á þekkingu, skynsemi, virðingu fyrir öðrum og auðmýkt væri drifkraftur í mannlegum samskiptum og skapaði skilyrði fyrir sátt og einingu í samfélaginu. Okkar ósk er að ala upp einstaklinga sem kunna samskipti þannig að óskin um sátt og einingu í samfélaginu rætist.

Hér gefur að líta fimmtu útgáfu af skólanámskrá leikskólans Hvamms og þá fyrstu sem er tekur mið af Aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

Fyrir hönd starfsfólks leikskólans Hvamms

Ásta María Björnsdóttir, leikskólastjóri Kafli: Leikskólinn Hvammur **5**

## 2. Leikskólinn Hvammur

Leikskólinn Hvammur stendur við Staðarhvam 23 í Hafnarfirði. Hann er staðsettur neðan við St. Josefskirkju sem stendur á Jófríðarstaðahól við Grænugrófarlæk rétt ofan við Suðurbæjarlaugina á skjólsælum stað í suðurbæ Hafnarfjarðar. Leikskólinn starfar í anda Hjallastefnunnar og eru deildar kynjaskiptar og efniviður opinn, hefur fleiri en eina lausn. Vinátta, jákvæð samskipti og jafnrétti eru í forgrunni skólustarfsins. Við fengum styrk sem forystuskóli í markvissri málörvun með áherslu á tvítyngi haustið 2006 og höfum unnið markvisst með málörvun allar götur síðan. Við flöggum Grænfána en fyrsta fánann fengum við á 25 ára afmæli skólans 2013. Við höfum tvisvar hlotið styrk frá Evrópusambandinu til að taka þátt í Comeniusarverkefni fyrst 2009-2011 og aftur 2011-2013. Upphaflegt húsnæði skólans er frá árinu 1988 en var endurbætt og einni deild bætt við 2003. Lausar kennslustofur komu við skólann 2008 og þar fer fram kennsla elstu barna leikskólans. Húsnæði skólans er 670,9 fermetrar að flatarmáli, þá eru lausu kennslustofurnar ekki taldar með. Salur skólans stækkaði við breytingarnar 2003 og nýtist nú mun betur til hreyfileikja. Lóðin býður uppá mikla möguleika og er skemmtileg með brekkum og lautum.

### 2.1 Starfsfólk leikskóla

Forsendur að farsælu leikskólastarfi er mannauður skólans. Starfsfólki leikskóla ber að rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og af samvirkusemi. Starfsfólk skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki samkv. 5. gr laga um leikskóla 2008. Fagmennska í leikskólastarfi snýst um börnin í leikskólanum, menntun þeirra og velferð. Á starfsfólki hvílir sú skylda að skapa börnum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva leikgleði þeirra og efla frjóga hugsun. Aðalnámskrá 2011, bls. 11. Á leikskólastjóra hvílir sú skylda að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð um hagi barna og foreldra þeirra. Einnig ber leikskólastjóra að brýna þagnarskyldu fyrir starfsfólki sínu sem felst í þagmælsku um vitneskju sem það fær í starfi sínu og skulu fara leynt samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanns og eða eðli málsins 52. gr barnalaga, nr. 76/2003

### 2.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi og ber að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólustarfs. Hlutverk leikskólastjóra er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans. Einnig ber leikskólastjóra að sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Leikskólastjóra er skylt að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnum sveitarfélagsins Lög um leikskóla 2008/90, Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 31, Skólustefna Hafnarfjarðar 2009 og Mannauðsstefna 2011.

### 2.3 Hlutverk leikskólakennara og annarra starfsmanna

Leikskólakennarar gegna lykilhlutverkum í öllu leikskólastarfi. Þeir eiga að vera leiðandi í mótun uppeldis og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Leikskólakennarar eiga að vera góðar fyrirmyndir í starfi með börnum og leitast við að styrkja lýðræðislegt hlutverk leikskólans. Þeim ber að sjá til þess að hvert barn fái notið hæfileika sinna og að námsumhverfi sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Allt starfsfólk leikskóla á að koma fram við börn af virðingu, taka tillit til þarfa þeirra og hlusta á þau. Starfsfólk ber ábyrgð á að vera í gefandi samskiptum við börn, samstarfsfólk og fjölskyldur barna. Starfsfólki ber að vinna í anda aðalnámskrár og tileinka sér þá sýn sem sett er fram í skólanámskrá til barna og náms Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 11,12. Kafli: Stefna

leikskólans Hvamms / hugmyndafræði 6

### 3. Stefna leikskólans Hvamms / hugmyndafræði

Hlutverk leikskólans er víðtækt meðal annars að búa börnin undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa þeim að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Leikskólabörn þurfa að hafa vitneskju um hvað þau geta og vita hvernig best er að beita þekkingu sinni og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það. Nám í leikskóla þarf að byggjast á námssamfélagi sem einkennist af grunnþáttum menntunar: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Við skipulag leikskólastarfs skal lögð áhersla á nám og menntun barnanna og kennsluáðferðir og samskiptahættir, námsgögn og kennslutæki eiga að beinast fyrst og síðast að því að styðja börnin í námi sínu. Leikskólastarf og nám, sem skilgreint er út frá grunnþáttum menntunar, er sinnt innan námssviða og það fléttað saman við námssviðin. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 22.

Til að öðlast fjölbreytilega hæfni gefast börnunum hér í leikskólanum tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengjast menningu samfélagsins, umhverfi og daglegu lífi. Í skólastarfinu styrkjum við börnin í að temja sér forvitni/námshæfni sem er undirstöðupáttur í öllu námi. Námshæfni felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni byggist á eðlislægri forvitni barna, áhugahvöt, trú á eigin getu og hæfileika til að beita hæfni sinni í margvíslegum viðfangsefnum á uppbyggilegan hátt. Því er mikilvægt að námsumhverfi í leikskólum sé örvandi. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 23, 24.

Í lýðræðisríki búa borgararnir við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum og þroskamöguleikum þeirra. Við viljum rækta það viðhorf meðal nemenda að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Umhyggja fyrir fólki, dýrum, umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og á heima í öllum námsgreinum auk þess sem gera á ráð fyrir virku samstarfi við heimili barna og grenndarsamfélagið. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 19.

Platón heimspekingur sem var uppi 427-347 f. Kr. taldi að besta leiðin við menntun barna væri í gegnum leikinn og við teljum að kenning hans sé enn í fullu gildi.

Framfarastefna John Dewey's, (1859–1952) bandaríska menntafrömuðsins og heimspekingsins, hefur haft mikil áhrif á allt skólastarf frá því fyrsta bók hans kom út árið 1910. Hann lagði áherslu á að virkja athafnapörf barnsins og vekja þannig áhuga þess. Börn eru virk og skapandi og læra í gegnum leikinn. Hin fleygu orð Dewey „learning by doing“ þar sem hann ítrekar gildi þess að vera þátttakandi í námi, fremur en viðtakandi, eru enn í fullu gildi. Dewey taldi mikilvægt að hafa í huga líf barnanna utan skólans og að byggja ofan á þá reynslu sem þau hefðu þegar aflað sér. Skapa þannig nýja merkingarbæra reynslu til áframhaldandi náms.

Caroline Pratt (1867-1954) var bandarískur uppeldisfrömuður sem stofnaði City and Country school í New York árið 1914, hún er hönnuður einingakubbanna (unit blocks) sem við notum í starfi okkar með börnunum. Grundvallar hugmynd hennar var að ef börnin hefðu greiðan aðgang að opnum efniviði gætu þau endurskapað og upplifað umhverfi sitt. Á þennan hátt er nám barnsins sjálfsprottið. Hlutverk kennarans er að vera nálægur og koma með spurningar sem örva ímyndunaraflið, lausnaleit og ákvarðanatöku með það að markmiði að barnið öðlist dýpri skilning. Fjölgreindarkenning Gardners (1943) sem er prófesor í sálfræði við Harvard háskóla, fellur einnig vel að hugmyndum okkar um þroska barna og mismunandi greindir. Við vitum að börn eru eins mismunandi og þau eru mörg og

hafa öll sínar „sérþarfir“. Hlutverk leikskólans samkvæmt lögum er að mæta hverju barni eins og það er og byggja á fyrri reynslu þeirra.

Hugmyndir Margrétar Pálu Ólafsdóttur um ólíkindi kynjanna eru hafðar að leiðarljósi. Hér í Hvammi er börnunum skipt upp í hópa eftir aldri og kyni. Við styðjumst við þær aðferðir sem hún hefur þróað í leikskólanum Hjalla og öðrum hjallaskólum sem reknir eru af Hjallastefnunni ehf. Með þessu teljum við okkur efla vináttu og samstöðu barnanna og gefa þeim færi á að njóta sín óháð kyni.

Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi auk þess að fylgjast grannt með samskiptum og stoppa einelti áður en það nær að skjóta rótum, skapa jákvætt umhverfi og kenna börnum að setja sér og öðrum mörk. Hin kanadíska Diane Gossen, er hugmyndasmiður Uppeldi til ábyrgðar, hugmyndafræði um Uppbyggingu (e. Restitution) sem við nýtum í skólustarfinu. Hugmyndin miðar að því að ýta undir ábyrðarkennd og sjálfstjórn barna og þjálfra þau í að ræða um tilfinningar sínar og þarfir. Vinnuaðferðunum sem einnig er ætlað að styðja starfsmenn í að samræma aðferðir í samskiptum og agamálum. Aðferðirnar miða að því að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja börn í því að læra af mistökum sínum. Stefnt er að því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir um eigin hegðun, laus undan skömm, hótunum, sektarkennd eða væntingum og loforðum um umbun. Gossen skilgreinir uppbyggingu á þennan hátt, „...að skapa skilyrði til að barnið geti lagfært mistök sín, snúið aftur til hópsins og vaxið við hverja raun“.

### 3.1 Leiðarljós leikskólustarfsins

Leiðarljós okkar hér í leikskólanum endurspeglast í einkunnarorðum leikskólans, „jákvæð samskipti, jafnrétti, vinátta.“ Í þessum einkunnarorðum kristallast þau leiðarljós sem Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls.32, listar upp, jákvæð sjálfsmynd, lýðræði, samvinna, menning, jafnrétti, sjálfbærni, virðing og tillitsemi. Þar segir einnig, starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitsemi og vináttu. Í huga okkar hér í Hvammi eru jákvæð samskipti, jafnrétti og vinátta eitt það mikilvægasta sem við getum eflt hjá börnum og að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér, samnemendum, fullorðnum og umhverfi sínu. Við viljum að börn tileinki sér aga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð og að allir geri sitt besta og þroski fjölpætta eiginleika sína. Börn eiga að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist. Við viljum styrkja skilning barna á sjálfbærni og stuðla að virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Til að vita hvernig við náum árangri þurfum við að vita að hverju er stefnt. Því þarf að spyrja spurninga, hvaða eiginleika við viljum efla og styrkja meðal barna. Jákvæð samskipti birtast meðal annars í því að börnin læra að setja mörk og temja sér frasana okkar. Til dæmis að segja „stopp kæra vinkona/vinur“ á vingjarnlegan hátt. Við spyrjum börnin „hvernig vinur viltu vera“ að þau eru vinir um leið skilgreina þau hvernig vinir þau vilja vera. Við viljum skólasamfélag sem er einfalt og gagnsætt sem börn skilja og ráða við í takt við aldur þeirra, þroska og getu. Við mætum hverju barni eins og það er og viðurkennum ólíkar þarfir aldursþópa, kynja og einstaklinga sem allir hafa þarfir sem leikskólinn lagar sig að hverju sinni. Við viljum byggja upp þau viðhorf í starfi okkar að jákvæðni, gleði og kærleikur ráði alltaf ferðinni milli starfsfólks. Sama gildir gagnvart börnum og foreldrum. Við kennum börnum aga og góða hegðun á jákvæðan, hlýlegan og hreinskiptinn hátt því agi er leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla.

### 3.2 Kennsluhættir leikskólans Hvamms / leikurinn

Leikurinn er grunnurinn í kennsluháttum okkar eins og áður hefur komið fram trúum við því að börnin læri í gegnum leikinn í leikskólanum eða eins og Dewey sagði, með því að gera. Hlutverk leikskólans

er að sinna bæði líkamlegum og andlegum þroska barnanna. Börnin takast á við margvísleg viðfangsefni í tengslum við mál, náttúru, menningu, samfélag, listir og hreyfingu. Leikskólanám er í nútímasamfélagi talið nauðsynleg viðbót við menntun og uppeldi foreldra og sem inngangur að formlegra námi í grunnskóla. Jafnrétti til náms eru almenn mannréttindi í okkar heimshluta og það er hlutverk leikskólans að stuðla að alhliða þroska og menntun allra barna. Samkvæmt lögum ber að tryggja að þeir sem á þurfa að halda njóti sérkennslu við hæfi. Einfaldleiki, festa og endurtekning er í daglegu starfi hér í Hvammi. Tvisvar á dag eru stýrðar kennslustundir þar sem börnin undir handleiðslu kennara fara í alskyns verkefni og leiki sem efla alla þroskaþætti og fara inn á öll námssvið leikskólans. Annar hópatími hvers dags fer fram úti og eru kennarar úrræðagóðir í að finna leiðir til skipulagðar hreyfingar samhliða útikennslu. Allt er undir hugtakaskilningur, hlustun, formskynjun og að sjálfsögðu hreyfing. Valfundir eru tvisvar á dag og fara eins fram um allan skólann. Í boði eru samskonar svæði og sami fjöldi á svæði allsstaðar, undantekning er þó á útisvæði sem er breytilegt eftir stærð deildanna. Reglurnar við valið eru einfaldar, barnið sem valdi fyrst á síðasta valfundi velur síðast á næsta fundi og svo koll af kolli. Með þessu er tryggt að allir verða einhvern tíma fyrstir og síðastir. Í valtíma er boðið upp á opið leikefni þar sem ímyndun barna ræður ferðinni og sjálfbjarga börn skapa sinn eigin leikheim í friði innan ramma leikskólans. Við erum vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik og nota þau til að kveikja áhuga barna, upplýsa þau og styðja þannig við nám þeirra. Leikurinn endurspeglar reynsluheim barnsins og sýn þess. Eðlilegasta tjáningarform barnsins er sjálfspottni leikurinn. Í leikum tekur barnið ákvarðanir og leysir mál. Í hlutverka- og öðrum frjálsum leik nýtur hugmyndaflug og skapandi hugsun barnanna sín vel. Þau læra að taka tillit hvert til annars, að taka við fyrimælum og gefa jafnöldrum fyrimæli sem eykur hæfni til samvinnu og ýtir undir félagsfærni. Þannig styrkist sjálfsmynd þeirra, félagsleg hæfni og trú á eigin getu. Við leggjum áherslu á vináttu, temjum okkur jákvætt hugarfar og glaðleg samskipti. Tekið er mið af þörfum og getu barnanna þannig að þeim líði vel og finni til öryggis og hlýju í leikskólanum. Við viljum sjá samfélag sem byggir á samkennd og teljum mikilvægt að rækta með börnum eiginleika eins og kærleik, hjálpsemi, umburðarlyndi, tillitssemi og ábyrgð. Við stuðlum að því að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Mikilvægt er að hver einstaklingur fái að rækta með sér þá hæfileika sem nýtast honum best í nútíð og framtíð. Við viljum að frá leikskólanum útskrifist kát og glöð börn, með góða sjálfsmynd sem bera virðingu fyrir öðrum og umhverfi sínu. Jafnframt því að hafa þann félagsþroska og almennu færni sem þarf til að takast á við lífið og næsta skólástig.

### 3.3 Námsumhverfi

Hvammur er sex deilda leikskóli og deildirnar eru allar kynjaskiptar, með því viljum við tryggja að bæði kynin hafi jafnan aðgang að rými og leikefni. Leikskólinn er opinn virka daga frá kl. 7:30–17:00. Boðið er upp á breytilegan dvalartíma frá 4 að 9,5 tímum á dag. Í miðrými hússins er aðstaða starfsfólks, leikfanga-, málörvunar- og bókasafn. Salur er í miðrýminu sem nýttur er til náms hreyfingar og fundahalda. Deildar skólans eru misstórar oftast á hver hópur skólans sína heimastofu. Í leikskólanum er metnaðarfullt námsumhverfi þar sem unnið er með skapandi opinn efnivið sem hefur fleiri en eina lausn og er eins á öllum deildum. Umhverfi leikskólans gefur börnunum færi á að vera virk og forvitin um umhverfi sitt. Lögð er áhersla á að börnin tileinki sér góða umgengni um náttúruna njóti hennar og virði. Umhverfi leikskólans er mikið notað til gönguferða og hópleikir eru vinsælir á túninu fyrir framan skólann. Lóð leikskólans er skemmtileg og býður upp á fjölbreytta

útileiki. Kafli: Grunnþættir menntunnar **9**



## 4. Grunnþættir menntunnar

Grunnþættir menntunnar snúast um læsi, læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru. Þannig læra börn að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélagi manna og vinna með öðrum. Þeir snúast líka um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnþættir menntunnar eru: *Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnréttindi og sköpun*. Grunnþáttunum er ætlað að endurspeglast í starfsháttum leikskólanna, þekkingu og leikni sem börnin afla sér sem og að vera sýnilegir í leikskólastarfinu. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 14.

Að nema er að breytast, vita meira í dag en í gær, stundum jafnvel að skipta gömlum hugmyndum út fyrir nýjar. Oftast byggjum við þó ofaná þá þekkingu sem þegar er til staðar og breytumst hægt en örugglega, skiptum út skoðunum án þess að geta fest á það fingur hvar nákvæmlega breytingin varð. Mikilvægt er að þekkja stöðu hvers barns því við viljum auka hæfni til að takast á við nýjar áskoranir í síbreytilegum heimi, efla skilning og finna hæfileika. Almenn menntun er bæði einstaklings-, hópamiðuð og samfélagsleg. Í nýrri aðalnámskrá eru settar fram hugmyndir um hvað skuli sett á oddinn í menntun barna og ungmenna í dag svo þau verði fær um að takast á við áskoranir morgundagsins.

### 4.1 Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunnar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, viðsýnis og jafnréttis. Hugtakið jafnrétti nær til margra þátta. Má þar nefna í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Áherslu ber að leggja á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál. Mikilvægt er að í öllu skólstarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi. Í því skyni er eðlilegt að nýta þekkingu sem nýjar fræðigreinar, svo sem kynjafræði, hinseginfræði, fjölmenningsfræði og fötlunarfræði, hafa vakið athygli á. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 19, 20, 35, 36.

#### 4.1.1 Jafnrétti í leikskólastarfinu í Hvammi

Starf okkar byggir á virðingu fyrir margbreytileika og ólíkum menningarheimum óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu. Þannig leitumst við við að koma til móts við þarfir allra nemenda. Við sköpunum grunn og ýtum undir umræður um ólík fjölskyldumynstur og ólíkar tilfinningar. Við setjum upp kynjagleraugun, erum vakandi fyrir jafnrétti þegar ákveðið er hvað skuli lesa eða syngja með börnunum. Leikskólanum er skipt upp eftir kyni en þannig teljum við okkur tryggja best aðgengi barna að sömu dagskrá, jafna athygli kennara, samskonar rými og eins efnivið. Meðvitað er börnum hrósað fyrir færni frekar en útlit eða klæðnað. Markvisst eru gerðar sömu kröfur til kynjanna í sameiginlegu hópastarfi. Skoða hvort hetjurnar eru frekar af öðru kyninu og þeir sam þarf að bjarga kannski af hinu. Fyrir öllu þessu þarf að vera vakandi. Leikskólinn notar kennsluáðferðir leiksins í jafnréttiskennslunni og tekur mið af jafnréttisstefnu skólans þar sem áhersla er lögð á að kennarar séu meðvitaðir um að jafnrétti og ákveða ekki fyrirfram hvað hentar hvoru kyni. Kennarar eru vakandi fyrir að grípa inn í aðstæður og ræða um jafnrétti og réttlæti þar sem því verður við komið, þannig að

börnin skilji aðstæður sem upp koma á sínum forsendum. Kafli: Grunnþættir menntunnar **10**

## 4.2 Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Meginmarkmið læsis er að börn séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Læsi okkar á umhverfið og samfélagið markast af stöðu okkar í samfélaginu bakgrunni og ekki síst hvar við stöndum, hver sjónarhóll okkar er. Þær aðstæður sem við þurfum að takast á við hverju sinni geta reynst einni auðveldar en annarri flóknar. Læsi okkar markast einnig af viðhorfum og upplifunum á þeim raunveruleika sem hvert og eitt okkar býr við. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 16, 17.

### 4.2.1 Læsi í leikskólastarfinu í Hvammi

Lögð er rækt við læsi í víðum skilningi. Hvatt er til opinnar vísindalegrar hugsunar þar sem stuðst er við aðferðir sem hæfa ungum börnum á mótunarárum í samfélagi manna. Ýtt er undir heimspekilega hugsun og aðferðir sem hvetja börn til að finna lausnir. Við viljum þroska og auka víðsýni nemenda, efla gagnrýna hugsun, jafnréttisvitund, siðvit og samfélagslega ábyrgð. Við höfum að leiðarljósi vellíðan og heilbrigði nemenda og að efla trú þeirra og læsi á líðan og tilfinningar sínar og annarra. Frumleiki og sköpun skipa veigamikinn sess í skólastarfinu. Lögð er áhersla á að efla málvitund nemenda, menningar- og náttúrulæsi. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar þrátt fyrir að einfaldleiki, festa og endurtekning í daglegu starfi einkenni skólastarfið. Mikilvægt er í huga okkar er að börnin læri í gegnum leikinn og eigin upplifun. Við leggjum áherslu á læsishvetjandi umhverfi þar sem unnið með tákni og stafi. Í skólanum eru uppi myndir við slökkvara sem minna á að slökkva ljósin og við sápuskammtara sem minna á að fara vel með sápu. Í fataklefa eru myndir sem börnin raða saman um klæðnað dagsins eftir veðri. Dagatalið og valið eru líka lýsandi fyrir læsishvatningu þar sem myndir og bókstafir eru notuð samhliða. Leikskólinn stendur á tímamótum og hugmyndir samfélagsins um innlagn hljóða og hlutverk leikskólans í þeirri innlagn hefur tekið breytingum. Í samræmi við Læsisstefnu Hafnarfjarðar, sem einkennist af mælingum, íhlutunum og eftirfylgni í samræmi við niðurstöður. Með hljóðainnlögn erum við að styrkja hljóðkerfisvitund barnanna og leggja góðan grunn að lestrarnámi. Við vinnum með hljóð bókstafa, æfum með börnunum rím, klöppum atkvæði, hlustum eftir fyrsta og síðasta hljóði í orðum og tengjum saman hljóð. Unnið er með Lubba sem er námsefni til málörvunar og hljóðanáms fyrir tveggja til sex ára, höfundar verkefnisins eru, Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. Einnig er unnið með námsefnið K-PALS, sem stendur fyrir þör að læra saman, sem er læsisaðferð fyrir fimm ára leikskólabörn. Börnin semja sögur og æfa ritun og öðlast þannig skilning á að ritað mál hafi merkingu, tölur og iPad eru notuð í þessum tilgangi. Form sem við finnum í náttúrunni fá nafn, jólatré geta táknað þríhyrning og ræsi hring að sama skapi ræðum við form einingakubbanna. Rætt er um liti, á húsum og bílum og hver deild á sinn einkennislit. Talnalæsi virkjað, það má finna ákveðinn fjölda steina úti eða telja diska þegar lagt er á borð inni og telja fjölda barna í hópum. Skilningur barnanna á magni og fjölda er einnig kveiktur með því að nota námsgögn sem tengja saman tölur og magn. Við notum söngtexta og þulur til að kenna tölur liti og jafnframt líkamshluta. Börnin lesa í náttúruna og læra nöfn á blómum, grösom, trjám og öðru sem á vegi okkar verður úti. Heiti veðurfyrirbæra eru kynnt og lesið í veðrið. Gaman er að hafa málörvun úti við og nýta náttúruna til málræktar. Velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu ásamt menningu annarra þjóða og stuðla þannig að menningarlæsi barna. Unnið er með margmiðlunarlæsi þar sem börnin læra að nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja saman Kafli:

hugmyndir sínar. Kennarar nýta tónlist og takt/rythma markvisst í starfinu og efla með því tónlistarlæsi barnanna. Börnin upplifa fjölbreytta tónlist, hreyfa sig, dansa og nota hana í leiklist. Hlusta á tónlist og túlka hana til dæmis með því að lita og mála.

### 4.3 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Í leikskólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, ögrandi og krefjandi útivist, næring, slökun og hvíld, andleg vellíðan, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls.21.

#### 4.3.1 Heilbrigði og velferð í leikskólastarfinu í Hvammi

Leikskólastarfið er skipulagt með áhuga og virkni barna að leiðarljósi. Börnin eru hvött til að taka ábyrgð á eigin líðan og minnt á að það sem við gerum og segjum hefur áhrif á aðra. Andrúmsloftið er vinsamlegt, við mætum þörfum barnanna og hvetjum þau og styðjum í að finna lausnir í aðstæðum sínum. Hlúð er að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir þeirra og getu. Lögð er áhersla á vinsemd og umburðarlyndi og hvatt til góðra samskipta, jákvæðni og vináttu. Þörfinni fyrir öryggi, umhyggju og sjálfstæði er mætt meðal annars með því að börnin fái að hafa áhrif á aðstæður sínar. Við erum vakandi fyrir velferð hvers barns. Andlegt heilbrigði byggir meðal annars á öryggi og umhyggju, jákvæðri sjálfsmynd og skilning á eigin tilfinningum og annarra. Börnin eru spurð spurninga og þau hvött til að ræða tilfinningar sínar og líðan. Þannig styrkjum við börnin í að verða læs á tilfinningar og hegðun bæði sína og annarra, geri sér grein fyrir mörkum og sýni samkennd. Við viljum að barnið læri að þekkja líkama sinn, nota rétt líkamsheiti, bera virðingu fyrir sjálfu sér og þekkja muninn á góðri og vondri snertingu. Við styrkjum vald þeirra yfir eigin líkama með því að spyrja um leyfi til að kyssa þau til hamingju með viðburði í lífi þeirra, að tala við þau áður en við þurrkum þeim í framan eftir matinn eða þegar þau eru kvefuð. Jákvætt viðhorf til hreyfingar og góðrar fæðu er mikilvægt veganesti út í lífið. Áhersla er á að börnin njóti þess að hreyfa sig og gleðin höfð í fyrirrúmi. Við trúum því að hreyfing stuðli að heilbrigðum lífsháttum, verndi heilsu, auki þol, úthald og styrk. Æfðar gróf- og fínhreyfingar sem auka samhæfingu, snerpu, jafnvægi, þol og kraft barnanna. Markmið æfinganna er að efla líkamsvitund og sjálfsbjargarviðleitni þeirra og að barnið öðlist sterka líkamsvitund og góða hreyfigetu. Ýtt er undir vitund barna um næringu og hollustu fæðunnar með umræðum um matinn. Markmið Landlæknisembættis um hollustu og næringu er haft að leiðarljósi og boðið upp á fjölbreyttan mat. Tekið er tillit til þarfa hvers og eins.

### 4.4 Sjálfbærni

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í jafngóðu eða betra ástandi en við tókum við því. Leitast er við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í leikskólastarfi má leggja áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri. Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Þannig þurfa börnin að þekkja, skilja og virða náttúruna. Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð, innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir

höfði. Efnahagslegur þáttur sjálfbærrar þróunar er nátengdur bæði umhverfis- og samfélagsþættinum. Þannig er mikilvægt að efnahagsvöxtur byggist hvorki á, né leiði til, óhóflegs ágangs á náttúruna. Í sjálfbærnimenntun felst að börn takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 17, 18, 19.

#### **4.4.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu í Hvammi**

Fræðsla og starfshættir innan skólans fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Við viljum að börnin upplifi að það sé sjálfgefið að huga vel að umhverfinu sínu á fjölbreyttan máta. Tekið er mið að umhverfismenntun í allri skipulagningu starfsins og unnið að því að fá heimili barnanna til liðs við skólann. Lögð er áhersla á að kenna börnunum að virða umhverfið með nýtni, nægjusemi og hófsemi, umhirðu um náttúruna og endurvinnslu eftir föngum. Hugað er að sparnaði við innkaup og nýtni í skólastarfinu. Sá efniviður sem til fellur er nýttur og þannig stuðlað að því að minnka ruslið sem fer frá skólanum. Hugað er að orkusparnaði með ýmsum hætti og börnin taka þátt í að spara bæði rafmagn, vatn og pappír. Félagslegir þættir eru einnig mikilvægir í sjálfbærni. Við þurfum að vera meðvituð um hvernig samfélagið virkar og hvernig það þróast. Þannig getum við orðið hæfari til að mæta þörfum samtímans um leið og hugað er að möguleikum komandi kynslóða. Farið er í styttri og lengri vettvangsferðir út í samfélagið og sóttir ýmsir menningarviðburðir, til að upplifa margar hliðar samfélagsins sem við búum í. Ýtt er undir að börnin temji sér að hugsa vel um umhverfið og njóta náttúrunnar en útikennsla er stór þáttur í kennslufræði leikskólans. Umhverfi skólans er óspart notað til könnunar og leikja og gefur börnunum tækifæri til að njóta þess að vera úti í náttúrunni um leið og þau læra um heiti og hugtök tengd henni. Leikskólinn Hvammur hefur uppfyllt þau skilyrði sem sett eru til að flagga Grænfánanum. Grænfáninn er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Tilgangur verkefnisins er að breyta hugsunarhætti til framtíðar, tileinka okkur góða siði í umgengni við umhverfið, fara vel með og nýta hluti sem til falla. Börnin í stóru- og miðhópum ásamt kennurum þeirra mynda umhverfisráð skólans. Fundir eru á tveggja mánaða fresti þar sem farið er yfir umhverfismálin og börnin hvött til að tjá og hafa skoðun á í hvernig samfélagi og umhverfi við viljum búa. Börnin hafa gert sáttmála um að passa upp á náttúruna og umhverfið okkar, fara vel með og endurvinna og efla heilbrigði og hreyfingu. Ýtt er undir forvitni og vangaveltur barnanna og þau hvött til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ýtt undir vísindalega hugsun og börnin aðstoðuð við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

#### **4.5 Sköpun**

Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli, leika sér með möguleika, sjá fyrir það óorðna og framkvæma það. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í leikskólastarfi. Glíman við

viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 22.

#### **4.5.1 Sköpun í leikskólastarfi í Hvammi**

Lögð er áhersla á skapandi hugsun og börnunum gefið tækifæri til sköpunar í öllu skólasterfinu. Unnið er með sköpun í gegnum leikinn, myndsköpun og sköpun í daglegum samskiptum. Við spyrjum börnin opinna spurninga og fáum þau til að leita lausna fremur en að gefa fyrirfram ákveðin svör. Við hvetjum börnin til að taka þátt í heimspekilegum samræðum og vangaveltum. Við hlustum eftir hugmyndum og hvetjum hvert barn áfram í þeim verkefnum sem það hefur áhuga á. Boðið er upp á opið og skapandi leikefni á valsvæðum. Þar geta börnin valið, útsvæði, hlutverkaleik, púða, leir, listakrók, tölvu, sull, kubba eða valið milli deilda. Opið og skapandi leikefni býður upp á óþrjótandi möguleika í leik barnanna og hvetur til skapandi hugsunar og frjós ímyndunarafis þar sem engin ein leið er sú rétta að viðfangsefninu. Í listsköpun í hópastarfi bæði inni og úti fást börnin við fjölbreyttan efnivið. Oft er það eitthvað sem tengist náttúrunni, laufblöð, sandurinn eða annað nýtanlegt til að útbúa hin glæsilegustu listaverk. Það er ekki útkoman sem er aðalmálið heldur ferlið og gleðin við sköpunina hvort heldur unnið er með verðlaust efni eða nýtt. Listsýning er fastur liður í skólasterfinu og tengist opna húsinu í febrúar. Tækifærið er þá gripið til að æfa börnin í að koma fram og boðið uppá fjölbreytt listform má þar nefna sönglist, leiklist, samræðulist, hreyfilist og myndlist. Á sama tíma safna börnin rusli jafnvel að heiman til að nýta í listaverk og tengist það Grænánaverkefninu. Söngur er mikilvægur þáttur í daglegu skólasterfi og sannkallaður gleðigjafi. Á föstudögum koma allir saman á fagnaðarfund í sal.

#### **4.6 Lýðræði og mannréttindi**

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 19.

##### **4.6.1 Lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi í Hvammi**

Ýtt er undir virka þátttöku barna í skólasamfélaginu í Hvammi með því að skapa tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Hlustað er á börn og þeim gefið tækifæri á að láta skoðanir sínar í ljós og ýtt undir að þau að taki þátt í ákvarðanatöku. Tillitsemi, hjálpsemi, virðing og umhyggja eru mikilvæg gildi. Ýtt er undir traust og hlý samskipti milli barnanna og að þau þekki eigin tilfinningar og bregðist við þeim. Orð eru lögð á líðan þannig að börnin læri að orða líðan sína. Þetta er þjálfun í lífsleikni þar sem áhersla er lögð á virðingu fyrir fólki, umhverfi okkar og dýrum. Ýtt er undir samkennd með því að hugsa hlýtt til þeirra sem eru veikir heima, börnin eru hvött til að hugga hvert annað og samgleðjast öðrum og eldri börnin fá tækifæri til að hjálpa þeim yngri. Allir eiga rétt á að hitta og eiga vini, æfa sig í að tala vinsamlega við féлага sína og geta skipst á skoðunum án þess að ganga á rétt annarra. Um leið þurfa þau að læra að standa með sér og sínum skoðunum og finna málamiðlanir, þannig fæst sameiginleg niðurstaða og allir eiga hlutdeild. Við viljum sjá einstaklinga með jákvæða sjálfsmynd sem kunna að reiðast af réttu tilefni og takast á við reiði sína með orðum. Við mætum þörfum barna og styrkjum málauðgi þeirra þannig að þau séu færari í að

taka sér pláss og setja mörk. Börn þurfa að upplifa að rödd þeirra heyrir og þau hafi áhrif. Hvatt er til gagnrýnnar hugsunar með samræðum og með því að spyrja opinna spurninga og fá þannig fram skoðanir og vilja þeirra. Við viljum að börnin geti og þori að tjá sig um upplifanir sínar skoðanir og langanir. Við hvetjum börnin til að finna lausnir á málum sem upp koma og að velta fyrir sér, hvernig vinur vil ég vera. Þau læra um lýðræði með því að skiptast á skoðunum og áhersla er lögð á hlustun ekki síður en tjáningu þannig læri börnin að hlusta á og virða skoðanir hvers annars. Sjálfstæði er eftir og börnunum gefinn tími til sjálfshjálpar. Börnin æfa að klæða sig sjálf í og úr en kennari er þó ætíð tilbúinn að bjóða fram aðstoð ef á þarf að halda. Með auknum þroska eru börnin í ríkara mæli hvött til að kanna veður og velja viðeigandi klæðnað. Valfundir eru tvisvar á dag þar sem lýðræðislegt val fer fram og börnin fá æfingu í að standa við eigin ákvarðanir. Tekið er mið af óskum barnanna í vali á leiksvæði og ekki reynt að hafa áhrif á val þeirra. Það eina sem takmarkar valið er fjöldi einstaklinga í hvern krók hverju sinni. Markmið með lýðræðisuppeldi er að styrkja einstaklinginn í að vera það sem hann vill vera. Fullorðnir byrja á sjálfum sér og skapa skólabrag sem einkennist af samheldni og umhyggju, því það gera börnin sem fyrir þeim er haft. Kafli: Samþætt og skapandi leikskólastarf **15**

## 5. Samþætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssvið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunnar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum. Námssviðin eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 41.

### 5.1 Læsi og samskipti í leikskólanum Hvammi

Börn hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra þau hafa meðal annars þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 42.

Málið er undirstaða fyrir allt nám. Markvisst er unnið að því að efla málvitund, hljóðkerfisvitund, orðaforða barnanna og málauðgi. Metvitað setjum við orð á allt sem fram fer í daglegu starfi og höfum mörg orð yfir sama hlutinn. Börnin fá tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt og eru hvött til að hlusta og bera virðingu fyrir skoðunum annarra, þannig kennum við lýðræði í lýðræði. Þau spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar í hópum. Leikurinn kallar á ólíka notkun máls og við grípum öll tækifæri til að efla frumkvæði barnanna og framsögn. Lesið er með börnunum daglega þar skapast umræður og vangaveltur um hugtök úr efni sögunnar og börnin tengja við eigin reynslu. Daglega er sungið, lesið og farið í orðaleiki og rím og orð krufin til mergjar. Við kynnum skrýtin orð í þjóðsögum, hlustum á texta með löngum orðum, lærum söngva, þulur, vísur, málshætti og förum í rímnaleiki. Börnin kynnast tungumálinu og möguleikum þess, þannig verða þau rík af orðum og fær í málinu. Framsögn er æfð, börnin segja frá einhverju sem þau hafa upplifað eða vekur áhuga þeirra. Samræður undir stjórn kennara skapa jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum til dæmis við matarborðið, þar æfa börnin sig í að tala eitt í einu og hlusta hvert á annað. Við tölum um að vettlingurinn þurfi að ná yfir úlnliðinn og að kuldinn klípi í kinnarnar og allar tærnar þurfi að fara í skóna, við leggjum okkur fram um að setja orð á líkamshluta um leið og barnið er aðstoðað við að klæða sig í útiföt. Unnið er með námsefnið Tölum saman í bæði úti og inni. Farið er í fyrstu kaflana með miðhópum og síðan haldið áfram með námsefnið í stóru hópum. "Tölum saman" var gefið var út 2005 af Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bjarteyju Sigurðardóttur. Í yngri hópunum er unnið með námsefnið „Bassi“ sem hefur þann tilgang að efla tilfinningalegan, vitrænan og málfarslegan þroska barna. Bassastundirnar eru í formi samræðna, söngva, sögulesturs og leikja þar sem handbrúður aðstoða kennarann. Yngri börnin læra margt eins og að finna til öryggis þegar foreldrar þeirra fara og skilja að þó foreldrar fari þá koma þeir aftur í lok dags að sækja þau. Þau læra að vinna saman í hópi jafningja og hefja æfilanga göngu í að fullkomna færni í jákvæðum félagslegum samskiptum. Þau æfa sjálfstjórn og undirstöðupætti samskipta. Börn þurfa ákveðinn ramma til að þeim líði vel, þau læra að fara í röð og æfa sig í góðri hegðun. Við viljum að börnin nái leikni í að hlusta og horfa, bíða og gera til skiptins, setja sig í spor annarra, stjórna hegðun, kunna að leika sér, geyma í minni það sem sagt er, herma eftir og geta haldið þræði í kennslu. Lögð er áhersla á að æfa samskiptahæfni og félagslegar leikreglur í daglegum aðstæðum til dæmis að ná athygli, mótmæla og neita, biðja um eitthvað, biðja um upplýsingar, svara öðrum, setja fram athugasemdir, leysa vandamál, deila tilfinningum, hugmyndum og áhugamálum, æfa sig í að ganga í röð og setja öðrum mörk „stopp kæra vinkona/vinur“. Börnin læra að heilsa og kveðja og aðrar samskiptareglur til dæmis „viltu hjálpa mér“. Við erum meðvituð um að gleðin smitar og til að ná athygli barnanna þarf að vera gaman að læra.

## 5.2 Heilbrigði og vellíðan í leikskólanum Hvammi

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 43.

Hér í leikskólanum er hvatt er til góðra samskipta, jákvæðni og vináttu. Við mætum þörfum barnanna fyrir öryggi, umhyggju og sjálfstæði meðal annars með því að börnin fái að hafa áhrif á aðstæður sínar. Með umhyggju er lagður grunnur að öryggi þeirra og vellíðan. Hrós, jákvæð samskipti, bros og hvatning til einstaklinga að æfa hæfileika sína ýtir undir jákvæða sjálfsmynd. Dagskipulagið er í föstum skorðum sem skapar öryggi, börnin vita hvað bíður þeirra og hvers er ætlast til. Tími er afmarkaður með upphafi og endi á hópatímum og viðburðum. Fastur hópstjóri er með hvern hóp og börnin eru í hópnum sínum stóran hluta dagsins, í hópastarfi, matartímum og hvíld. Það eflir vinatengsl og veitir þeim öryggi að vera hluti af minni hóp auk þess sem hópstjórinn fær betri yfirsýn yfir líðan og getu barnanna, áhuga þeirra og langanir. Börnin fá tækifæri til að kljást við daglegar athafnir sem styrkja getu þeirra. Í hópastarfi er farið í hreyfi- og þolþjálfun þar sem markviss hreyfing er í öðrum hópatíma hvers dags, oftast úti og þá oft farið í lengri eða styttri gönguferðir eftir aldri barnanna. Foreldrar eru hvattir til að koma með börn sín á sama tíma daglega það skapar öryggiskennd hjá barninu að vita í hvaða aðstæður það mætir. Börnin eru hvött til að taka þátt í gleði og sorgum hvers annars, aðstoða og hugga þegar einhverjum líður illa og setja sig í spor þeirra. Á morgnana eru börnin boðin velkomin og þeim heilsað hlýlega með nafni. Fyrir morgunverð er heilsast, haft nafnakall, hugsað til þeirra sem eru veikir og samglaðst þeim sem eru í orlofi. Í lok dags kveðjumst við og þökkum fyrir daginn. Börnin eru hvött til að sýna öðrum kurteisi og tillitsemi sem leiðir til gagnkvæmrar virðingar hjá börnum og styrkir vináttu. Börnin fá góðan tíma til að matast og æfa borðsiði. Samræður við matarborðið eru ein leið til að efla færni í samskiptum og jafnframt gefst þar færi á að ræða mikilvægi góðrar næringar. Ákveðnar reglur eru viðhafðar í matartímum þó réttur barnanna sé ávalt virtur til að ákveða sjálf hvort þau klári matinn. Yngri börnin fá val um að fá mikið eða lítið á diskinn en taka þó æfingabita. Eldri börnin skammta sér sjálf og æfa sig í að bera ábyrgð á skammtastærð og hjálpa til við frágang. Hinn fullorðni er fyrirmynd og gefur barninu tækifæri og tíma til að þjálfra sig í almennum umgengnis- og hreinlætisvenjum eins og að þvo hendur fyrir mat og ganga frá eftir sig. Lögð er áhersla á kyrrláta stund eftir hádegisverð þar sem börnin leggjast á dýnu, yngstu börnin sofna og þau eldri hlusta á sögu eða tónlist. Góður svefn er undirstaða vellíðunar og fer eftir þörfum hvers barns, sum börn þurfa að sofna allt til fjögurra ára en önnur hætta fyrir að sofa, öll þurfa þó að fá hvíld í dagsins önn. Hafa ber í huga að barn sem er úrvinda af þreytu á erfiðara með að takast á við daginn.

## 5.3 Sjálfbærni og vísindi í leikskólanum Hvammi

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Byggja þarf á reynslu barna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 44.

Við viljum að börnin byggi upp þá þekkingu, þau viðhorf og þá færni sem nauðsynleg er til að mynda sjálfbært samfélag. Í okkar huga er mikilvægt börnum að kynnast fjölbreytileika náttúrunnar, komast í lífandi tengsl við hana og njóta hennar og læra að virða hana. Upplifun og reynsla barna af náttúrunni fléttast iðulega inn í leik þeirra og sköpun. Við eflum tengsl barna við náttúruna og kynnum þeim nánasta umhverfi leikskólans og njótum þess að vera úti í náttúrunni. Unnið er að því að börnin verði meðvituð um áhrif okkar á náttúru og umhverfi til dæmis með nýtni og endurvinnslu. Við flokkum pappír og söfnum matarafgöngum og ávaxtahýði í "Svanga Manga" um leið og við hugum að sóun og



hvað við komumst af með. Við slökkvum ljós þegar ekki þarf á þeim að halda og látum vatn ekki renna að óþörfu. Við förum sparlega með sápu og þurrkur í handþvott og nýtum pappír í listakrók vel. Stærðfræðinám fer fram á fjölbreyttan hátt strax með yngstu börnunum. Numið er í gegnum leiki með tölur og talnagildi, stærðir og rúmfræðihugtök til dæmis þegar lagt er á borð og talið á valsvæði. Einingakubbar eru einnig notaðir í þessum tilgangi á valsvæðum allra deilda. Umhverfið í kringum leikskólann er frábært til útivistar og mikið notað til útináms, það býður uppá uppsetningu rannsóknarverkefna svo sem að fylgjast með árstíðum, veðri og gróðri. Börnin fá þannig að kynnast og læra að bera virðingu fyrir hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni og tengja vísindin sjálfbærni. Við fylgjum áhuga barnanna og ýtum undir námsgleði þeirra með einföldum spurningum sem barnið ræður við að svara. Hægt er að gera tilraunir til dæmis „hvernig þéttist vatn“ „hvernig verður appelsínubörkur að mold“ og leita svara við spurningum eins og „hver er tilgangur laufblaðanna“. Börnin læra á áþreifanlegan hátt að annast um og bera virðingu fyrir umhverfi sínu hvar sem er, ekki bara í nærumhverfi til dæmis með því að hreinsa upp rusl á víðavangi og í nágrenni leikskólans. Rætt er um og börnin frædd um skaðsemi eiturefna fyrir jörðina og andrúmsloftið og mikilvægi þess að loft og vatn sé ómengað. Ýtt er undir að þau sjái hvað betur má fara í umhverfinu og ræddar hugmyndir um hvernig má bæta úr því. Farið eru í gönguferðir um nágrennið og lengri vettvangsferðir af ýmsu tagi, skógarferðir í skógræktina við Hvaleyrarvatn, miðhópar gróðursetja tré að vori, stóruhópar sækja jólatré í desember og þangað er farið í útskriftarferð með elstu börnin.

## 5.4 Sköpun og menning í leikskólanum Hvammi

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 45.

Við viljum efla skilning barnanna á samfélaginu, menningu og þeim margbreytileika sem heimurinn býr yfir. Samræður og skoðanaskipti fara fram um einstaklinginn og hvar hann stendur í samfélaginu svo sem hvernig er fjölskyldan mín. Við kennum vísur, þulur og kveðskap, segjum þjóðsögur og útskýrum merkingu þeirra. Skoðum bækur og hlustum á frásagnir frá öðrum menningarheimum og sjáum hvað er líkt og ólíkt með okkar menningu og annarra. Við förum í vettvangsferðir um okkar nánasta umhverfi og eftir því sem börnin verða eldri að skoða bæinn okkar, heimsækja söfn og skoða gamla staði sem oft geyma skemmtilegar sögur. Á degi Sameinuðu þjóðanna, í október er farið í fánagöngu börnin eru hvött til að koma með íslenska fánann eða fána frá sínu upprunalandi ef fjölskyldan óskar eftir því. Á degi íslenskrar tungu, í nóvember er líkt og aðra daga, farið með þulur, sungin íslensk sönglög og sagt frá íslenskum og þá ekki síst hafnfirskum skáldum. Þá er oft farið upp á Jófríðarstaðarhól horft yfir og sagt frá þegar Örn Arnarson samdi "Hafið bláa hafið" eða farið út í rústirnar til „Vatnsenda-Rósu" til að syngja vísurnar hennar "Augun mín og augun þín". Á aðventunni eru jólalögungin sungin og á þorranum kveðnar rímur. Haldið er upp á bolludag, sprengidag og öskudag með hefðbundnum hætti og þeir sem vilja, koma í búningum á öskudag. Við nýtum þá menningarviðburði sem eru í boði hverju sinni, svo sem tónleika og sýningar. Miðhópar fara í Þjóðminjasafnið og stóru hópar í Þjóðleikhúsið á haustin. Mið- og stóruhópar fara í Byggðasafnið á aðventunni og stóruhópar á sinfóníutónleika í Hörpu á vorin. Börnin vinna að listsköpun, myndlist, leiklist, æfa dans eða söng fyrir hátíðir og atburði yfir allt skólaárið. Fyrir atburði eins og opið hús, jólaþorpið, syngjandi jól, jól og páska, bjartir dagar, vorhátíð og útskrift leikskólans. Við eflum færni barna í að nota þann tjáningarmiðil sem listsköpunin er og örvum sköpunargleði þeirra og fegurðarskyn. Börnin kynnast mismunandi efnivið og eðli hans á fjölbreyttan hátt, vinna með eða án verkfæra. Í myndsköpun má nota fingur til að mála með og daglega er mjúkur leir í boði. Þannig Kafli:

Samþætt og skapandi leikskólastarf **18**

kynnast þau höndunum sem skapandi verkfærum. Við viljum að börnin séu skapandi í hugsun og horfi á hversdagslega hluti með opnum huga og nýti þann verðlausa efnivið sem fyrirfinnst, endurvinnna og sjá hluti öðlast nýtt hlutverk. Þau fá tækifæri til að skapa eftir eigin hugmyndum, stundum með því að hlusta á tónlist eða sögur um leið og þau teikna eða mála eða leika með leikrænni tjáningu og jafnvel búa til annan endi. Í hópastarfi er farið í gönguferðir þar tína þau efnivið sem finnst í náttúrunni og nýtist í myndsköpun. Börnin njóta þess að hlusta á hljóð náttúrunnar, dýrahljóð og túlka með myndsköpun. Í aðdraganda vorferðar í Húsdýragarðinn er farið yfir heiti dýranna og frætt um not okkar af þeim, eftir aldri barnanna og áhuga. Tónlist er hluti af menningu mannsins, hún er góð samskiptaleið og örvar málþroska, sköpunargleði og fegurðarskyn. Börnin njóta allskonar tónlistar í leikskólanum, jafnt íslenskrar sem og frá ólíkum menningarheimum. Við skilgreinum tónlist vítt, söng, hreyfingu, hljóðgjafa, hljóðfæri og hlustun. Klappað er í takt við söng og tónlist og ýtt undir sjálfsprottinn söng barna. Söngur er stór þáttur í skólasterfinu, daglega er sungið í samveru og á fagnaðarfundum í sal. Markmiðið er að nýta þá gleði sem tónlist vekur upp hjá börnum og efla samkennd við að syngja saman. Kafli: Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn **19**

## 6. Fjölskyldan, upplýsingamiðlun og leikskólinn

Fjölskyldur barna og kennarar eru mikilvægir samstarfsaðilar í leikskólastarfinu. Foreldrar þekkja börn sín best og með því að veita mikilvægar upplýsingar styðja þeir við skólagöngu og leggja grunn að námi barnsins. Jafnframt eiga foreldrar að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börn sín svo að þeir geti fylgst með skólagöngu þeirra og veitt þeim stuðning og hvatningu. Aðalnámskrá leikskóla, 2011, bls. 48, 49.

Til að börnunum líði sem best í leikskólanum er mikilvægt að upplýsingar um breytingar í lífi þeirra berist inn í skólann. Við leggjum áherslu á jákvæð samskipti við foreldra við upphaf og lok dags og leggjum okkur fram um að foreldrar séu ánægðir að skilja börnin eftir hjá okkur og treysti því að þau séu í góðum höndum. Upplýsingar til foreldra fara fram í daglegum samskiptum, í gegnum heimasíðu skólans og með tilkynningum á upplýsingatöflum. Þar má skoða yfirlitsblöð yfir hvað gert var í hópavinnu, súlurit yfir val barnanna og upplýsingar um hvernig yngstu börnin borðuðu og sváfu. Foreldrar eru hvattir til að nýta sér heimasíðuna til upplýsingaöflunar. Þar er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar, næstu viðburðir, matseðil, fréttir af skólastarfinu, deildarfréttir auk fjölda mynda af börnunum í leik og starfi. Einnig skólanámskrá, starfsáætlun og ýmsar skýrslur um skólastarfið. Viðburðadagatalið er hluti af starfsáætlun skólans. Við hverja færslu viðburðadagatalsins er nánari skýring sem hægt er að skoða með því að smella á viðkomandi atburð. Sendur er tölvupóstur til foreldra til að minna á stöku viðburði en tekið skal fram að í okkar huga eru allir dagar einstakir og mikilvægir hér í leikskólanum. Aðlögun við upphaf leikskólagöngu leggur grunn að samstarfi foreldra og kennara. Hvert barn er einstakt og í aðlöguninni er nán samvinna milli kennara og foreldra nauðsynleg til að vel takist til. Í fyrsta viðtali og í aðlögunarferlinu gefst foreldrum tækifæri til að kynnst starfsháttum, hugmyndafræði og skólanámskrá, þar fær kennarinn upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Þessar gagnkvæmu upplýsingar tryggja gæði við fyrstu skref barnsins í skólanum. Við aðlögun er tekið mið af hverju barni og fjölskyldu þess. Það er ekki síst verkefni aðlögunartímans að vinna traust foreldranna sem ætla að nýta þjónustu okkar og treysta okkur fyrir börnum sínum daglangt. Reynsla okkar er sú að ánægðir foreldrar koma með ánægð börn í leikskólann. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári í þeim tilgangi að ræða líðan, nám og þroskaframvindu barnsins ásamt því að kennarar útskýra skólastarfið. Einnig stendur til boða að fá viðtal við sérkennslustjóra. Kallaður er til túlkur þegar það á við. Tekið skal fram að alltaf er hægt að leita til kennara eða leikskólastjóra um viðtöl á öðrum tímum. Foreldrafundur er í byrjun skólaárs þar er farið yfir helstu áherslur skólastarfsins og þau verkefni sem framundan eru. Skapast hafa góð tengsl á þessum fundum og foreldrum gefst tækifæri til að koma með ábendingar og kynnst öðrum foreldrum. Leikskólastjóri boðar til fundar og þar er kosið í stjórn foreldrafélags og foreldraráð leikskólans. Samkvæmt 10. grein laga um leikskóla nr 90/2008 er hlutverk foreldrafélagsins að vera málsvarar og fulltrúar foreldra gagnvart leikskólanum. Framkvæmdaraðili samvinnuverkefna foreldra samkvæmt ákvörðun foreldrafunda og annað sem foreldrar kunna að fela stjórninni. Hlutverk félagsins er að efla samstarf heimilis og skóla enn frekar og er vettvangur foreldra til að taka þátt í skólastarfinu. Félagsgjald er innheimt og eru fjármunir félagsins notaðir til að styðja við skólastarfið með ýmsum hætti. Einnig er Foreldraráð starfandi við skólann. Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla nr 90/2008 skal leitast við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra og stuðla að áhrifum þeirra á skólastarfið. Hlutverk þess er að gefa umsagnir til leikskólans, fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á skólastarfinu. Kafli: Tengsl skólastiga og tengsl

við nærumhverfið **20**

## 7. Tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Vettvangsferðir um nærumhverfið er stór þáttur í skólastarfinu. Í nágrenninu má nefna vinsæla áfangastaði eins og Jófríðarstaðarhól, Grænugrófarlæk, ævintýraskóg, úlfaskóg, leynistaðinn, víkingaróló og aðra leikvelli. Eldri börnin fara í lengri vettvangsferðir til dæmis að skoða miðbæinn, höfnina, Lækinn, Hamarinn, Hellisgerði, Ásfjall, Ástjörnina, lífríkið þar í kring og skógræktina við Hvaleyrarvatn. Einnig heimsækja börnin ýmis fyrirtæki og stofnanir, bókasafnið en vinsælt er að taka þátt í sögustundum þar, byggðasafnið og heimsóknir í Sívertsenhúsið á aðventunni. Ýmis tækifæri eru nýtt til að fara á listasýningar og aðra menningarviðburði. Börnin sýna leikskólastig í jólaþorpinu og á björtum dögum hér í Hafnarfirði og elstu börnin syngja á syngjandi jólum í Hafnarborg. Samvinna leik- og grunnskóla stuðlar að vellíðan barna við flutning milli skólastiga og byggir upp skilning og þekkingu á starfi kennara þessara ólíku en samvinnuðu skólastiga. Í Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls 50, 51 kemur fram að, „Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám þeirra á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi.“ Þekking og viðfangsefni sem börn afla sér í leikskóla er sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á þegar þau takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu. Við höfum í samvinnu við Öldutúnsskóla unnið að nánnum tengslum milli skólanna en í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars. „Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.“ Til að flutningur milli skólastiganna verði sem farsælastur þarf að undirbúa hann vel og á hverju hausti eru samráðsfundir deildarstjóra í Hvammi og Öldutúnsskóla. Gagnkvæmar heimsóknir hafa reynst okkur vel og eru fastir liðir í skólastarfinu. Við fáum til okkar heimsóknir að hausti frá fyrsta bekk Öldutúnsskóla og endurgjöldum þær síðar með því að fara með elstu börn leikskólans í heimsóknir í grunnskólann að vori. Einnig bjóðum við fjórða bekk að koma á degi íslenskrar tungu og lesa fyrir leikskólabörnin. Þegar börn sem notið hafa sérkennslu ljúka leikskólanámi í Hvammi eru, haldnir skilafundir með sérkennslustjóra, deildarstjóra leikskólans, sérkennslustjóra þess grunnskóla sem barnið fer í, og fulltrúum frá skólaskrifstofu. Öllum mikilvægum upplýsingum er varða nám og þroska barnanna er miðlað og niðurstöður athugana eru lagðar fram. Í reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla (nr 896/2009 ) kemur fram að leikskólastjóri ber ábyrgð á að flytja nauðsynlegar persónuupplýsingar um barnið til viðtökuskóla með tryggum og öruggum hætti. Það er gert í því skyni að huga að velferð og aðlögun barnanna í grunnskóla. Þessi háttur er einnig hafður á en þá án þátttöku grunnskólans við flutning milli leikskóla.

## 8. Mat og eftirlit

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt svo þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Innra- og ytra mat á skólastarfi á að ná til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þar með talið það hlutverk skóla að styrkja börn til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun þeirra, samskiptahæfni og fleiri atriði sem tengist meðal annars grunnþáttum menntunar. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 28, 55.

Einnig er markmiðið að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum. Að lokum er tilgangur mats á skólastarfi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Aðalnámskrá leikskóla 2011 bls. 26, 27, 54.

### 8.1 Ytra mat á leikskólastarfi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á því að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum. Aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem skólastarfið hvílir á en í skólanámskrá útfærir skólinn nánar þau markmið og viðmið sem sett eru fram í aðalnámskrá. Fræðsluráði Hafnarfjarðar ber að hafa eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Það er meðal annars gert með því að kalla eftir starfsáætlun og skóladagatölum, símenntunaráætlun og ýmsum forvarnaráætlunum er við koma skólastarfinu og öryggismálum. Reglulega eru lagðar viðhorfskannanir fyrir foreldra leikskólabarna um líðan og menntun barnanna sem og kannanir fyrir starfsmenn þar sem þeir leggja mat á starfsaðstæður sínar.

### 8.2 Innra mat á leikskólastarfi

Til að tryggja faglega þróun er mikilvægt að meta reglulega starf leikskólans. Innra mat byggir á þátttöku og samvinnu kennara og starfsfólks, foreldra og barna. Í Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 27, 54 og 55 er kveðið á um að við innra mat skuli gerð grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni.

Mikilvægt er að innra mat sé samþætt daglegu starfi og að það nái til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda.

Allir sem koma að leikskólastarfinu í Hvammi, starfsmenn foreldrar og börn taka þátt í mati á skólastarfinu. Helstu mælikvarðar eru, viðhorfskannanir foreldra og starfsmanna, vefmælingar og tölulegar mælingar, markmið í skólanámskrá og starfsmanna- og foreldrasamtöl. Hafnarfjarðarbær sendir út viðhorfskönnun til starfsmanna árlega og foreldra annað hvert ár. Hópstjórar framkvæma viðhorfskannanir með elstu börnum í skólastarfinu og eftir viðfangsefnum yfir skólaárið.

Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni. Unnið er úr spurningarlistum og matslistum sem lagðir eru fyrir börn, foreldra og starfsmenn skólans. Skilgreint og skipulagt mat fyrir skólaárið sem er að líða er framkvæmt og gerð matsáætlun fyrir næsta skólaár að vori.

Allir hagsmunahópar koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats. Þeir mynda matsteymi sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra sem sitja í foreldraráði leikskólans.

Matsteymið skilgreinir og skipuleggur matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum skólans út frá tilgreindum viðmiðum í Skólanámskrá og Aðalnámskrá.

Formlegt innra mat er framkvæmt mánaðarlega á fundum deilda yfir allt skólaárið og sjá deildarstjórar um framkvæmdina. Notuð eru matsblöð fyrir ákveðna þætti skólastarfsins. Metið er reglulega yfir veturinn einstakir valfundir, fagnaðarfundir, hópátímar, matartímar og samverustundir á þar til gerðum matsblöðum. Farið er yfir, rætt og metið hópastarf mánaðarlega þar sem hópastarfið er skoðað formlega með tilliti til uppeldissviða og hvaða áherslur eru ríkjandi í hverjum hóp allra deilda leikskólans.

Innra mat fer einnig fram í daglegum samskiptum starfsmanna, foreldra og barna. Á reglulegum stjórnendafundum, starfmannafundum, á deildafundum og samráðsfundum deildastjóra og hópstjóra sama aldurs.

Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Í árlegri starfsáætlun skólans koma fram upplýsingar um niðurstöður úr innra mati og áætlanir um umbætur.

### **8.2.1 Mat á námi og velferð barna**

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í að safnað eru upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna. Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls. 46.

Hér í leikskólanum hafa verið þróaðar fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska, nám, líðan og færni barna þar sem sjónum er beint að áhuga, getu og hæfni hvers einstaklings til að efla hvert barn. Sem dæmi má nefna myndræna skráningu á skólastarfinu og skráningu á vali barnanna. Foreldrar eru hvattir til að fara með börn sín í tveggja og hálfis og fjögurra ára skoðanir á heilsugæslu en heilsugæslan leggur fyrir 2,6 ára og 4,0 ára börn BRIGANCE og PEDS, skimunarlista sem meta málþroska. Við þriggja ára aldur sendum við heim spuningalistann ORÐASKIL sem foreldrar svara. Unnið er úr niðurstöðum hér í leikskólanum, ORÐASKIL mælir orðaforða barna og hefur forspágildi fyrir lestrarnám. Öll elstu börn leikskólans eru skimuð með HLJÓM-2. HLJÓM-2 mælir hljóðkerfis- og málvitund þeirra, þegar niðurstöður liggja fyrir er farið í að styrkja sérstaklega þau börn sem þess þurfa. Unnið er eftir aðferðum snemmtækra íhlutunar í leikskólanum og sérhæfð matstæki notuð ef grunur er um málþroska- eða þroskafrávik. Má þar nefna ýmsa gátlista, Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann, TRAS skráningar eru framkvæmdar í samræmi við verklag og viðmið upp allan leikskólann til að halda utanum árangur og þörf fyrir frekari íhlutun.

Kafli: Mat og eftirlit **22**

## 9. Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneytið. Barnalög nr 76/2003.

Barnasáttmálinn [www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is)

Ingibjörg Jóhannsdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. (2012). *Sköpun – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Lög um leikskóla nr 90/2008.

Mannauðsstefna Hafnarfjarðar

<http://www.hafnarfjordur.is/media/stefnur-og-reglur/mannaudstefna.pdf>

Margrét Héðinsdóttir, Fanný Gunnarsdóttir og Erla Kristjánsdóttir. (2013). *Heilbrigði og velferð – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr 584/2010.

Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr 896/2009.

Sigrún Helgadóttir. (2013). *Sjálfbærni – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Skólafundur Hafnarfjarðar, 2009. sótt af <http://www.hafnarfjordur.is/media/skyrslur-og-utgafa/SkolastefnaHf2009utgafa.pdf>

Stefán Jökulsson. (2012). *Læsi – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*.

Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun. Kafli: Heimildaskrá **24**

## Sól skín í heiði

Sól skín í heiði og himininn blár  
hlýnar í veðri svo þornar hvert tár  
Fuglarnir syngja og fara á kreik  
og fagnandi börn út í leik.

Leikskólinn okkar er yndislegt skjól  
Í ylríkum hvammi við grösugan hól.  
Saman við vinnum sem vinir í raun  
Og vináttan er okkar laun.

Á Hvammi leikum við lífsglöð saman  
Og lærum margt sem er gagn og gaman  
Á Hvammi göngum við gæfuspor  
Þar gleðin ríkir og eilíft vor.

*Textann samdi Ellert Borgar Garðarsson og gaf leikskólanum í tilefni af 10 ára afmæli skólans 4. maí 1998. Textinn eru sunginn við lagið Ein bichen frieden.*